

Stefna Landsbréfa

Um aðgerðir gegn fjármunabrotum

Gildissvið og markmið

1. gr.

Landsbréf leggja mikla áherslu á að draga úr hættu á fjármunabrotum í starfsemi sinni og stuðla að samvinnu Landsbréfa, Landsbankans, yfirvalda og eftirlitsaðila þegar það á við í þessum efnum. Með fjármunabrotum er hér átt við peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, brot á viðskiptaþvingunum, sviksemi, mútur og spillingu, markaðssvik og önnur auðgunarbrot. Stefna Landsbréfa byggir á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum og samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og almennum hegningarlögum. Landsbréf leggja mikla áherslu á að fara í einu og öllu eftir kröfum laga og stuðla að umhverfi þar sem unnið er gegn fjármunabrotum. Það er markmið Landsbréfa að varnir félagsins gegn fjármunabrotum séu á hverjum tíma í samræmi við það sem best þekkest hjá fjármálafrirtækjum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Það er stefna Landsbréfa að takmarka áhættu eins og kostur er þegar kemur að fjármunabrotum. Liður í því er að stunda ekki viðskipti við aðila sem teljast of áhættusamir eða tengjast slíkum aðilum, svo sem tengdir lögaðilar eða einstaklingar, (t.d. stjórn eða raunverulegir eigendur), samkvæmt áhættumati Landsbréfa.

Stefna Landsbréfa er samin með hliðsjón af stefnu Landsbankans hf., móðurfélags Landsbréfa, um sama efni og er í grundvallaratriðum efnislega samhljóða stefnu móðurfélagsins. Auk stefnunnar setur Landsbréf sérstakar reglur og ferla um aðgerðir gegn fjármunabrotum. Stefna þessi gildir um alla starfsemi og fyrir allt starfsfólk og stjórn Landsbréfa.

Stjórnskipulag aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

2. gr.

Landsbréf grípa til skipulegra ráðstafana til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af fjármunabrotum m.a. með því að setja sér stefnu, reglur og ferla sem endurskoða skal reglulega.

Verkferlar sem settir eru á grundvelli stefnu þessarar, og sambærilegrar stefnu Landsbankans sem sinnir mikilvægum framlínuverkefnum fyrir Landsbréf á grundvelli útivistunarsamninga, skulu að lágmarki innihalda ákvæði um framkvæmd áreiðanleikakannana, framkvæmd áhættumats, viðvarandi eftirlit með viðskiptum og viðskiptasamböndum, eftirlit með viðskiptaþvingunum og frystingu fjármuna, tilkynningarskyldu á grunsamlegri háttsemi viðskiptavina og ráðstafanir henni

tengdri, eftirlit með markaðssvikum, uppljóstrun um spillingu og misferli og kröfur vegna ráðningar starfsfólks og um þjálfun starfsfólks.

Ábyrgð stjórnenda í aðgerðum Landsbréfa gegn fjármunabrotum

3. gr.

Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að tryggja virkni ráðstafana til að takmarka áhættu og sporna gegn fjármunabrotum, svo sem með því að taka virkan þátt í greiningu á áhættu, gera reglulega mat á að fullnægjandi kerfi og að ferlar séu til staðar á starfssviði viðkomandi, stuðla að góðri fyrirtækjamenningu, sjá til þess að starfsfólk sinni fræðsluskyldu sinni og upplýsa regluvörð eða innri endurskoðanda þegar í stað ef upp kemur grunur um fjármunabrot í starfsemi Landsbréfa.

Aðgerðir til að draga úr hættu á fjármunabrotum í starfsemi Landsbréfa eru byggðar upp með sama hætti og annað eftirlit í starfsemi félagsins. Starfsfólk í framlínu er flokkað sem fyrsta varnarlína og snýr sú varnarlína fyrst og fremst að daglegum rekstri. Það er á ábyrgð fyrstu varnarlínu að meta og upplýsa um áhættu sem starfsfólk verður vart við. Starfsfólk skal samkvæmt verferlum tilkynna öll grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti til regluvörslu. Önnur varnarlína, þ.e. regluvarsla og áhættustýring, þróar og viðheldur virkum kerfum innra eftirlits til að tryggja meðal annars fullnægjandi áhættustýringu, gæði upplýsinga og að farið sé að lögum og innri stefnu, reglum og verkferlum sem félagið setur. Innri endurskoðun er síðan þriðja varnarlína sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu og hversu vel þær sinna sínu hlutverki.

Heimilt er að útvista hluta af aðgerðum Landsbréfa gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ef fyrir liggur heimild samkvæmt lögum enda auki það ekki áhættu eða komi niður á vörnum félagsins.

Landsbréf hafa tilnefnt regluvörð sem sérstakan ábyrgðarmann í aðgerðum Landsbréfa gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ábyrgðarmaður skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem geta skipt máli vegna rannsóknar á grunsamlegum viðskiptum og tilkynninga til skrifstofu fjármálagreininga lögreglunnar. Ábyrgðarmaður hefur jafnframt umsjón með samskiptum við önnur yfirvöld er varða aðgerðir gegn fjármunabrotum. Þá skal ábyrgðarmaður gera skriflegar skýrslur um öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti sem eiga sér stað í starfsemi Landsbréfa.

Eftirlit með framkvæmd stefnunnar, þjálfun og brot á stefnunni

4. gr.

Regluvörður hefur annars stigs eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og sér hann ásamt framkvæmdastjóra til þess að innleiddar séu verklagsreglur og verkferlar sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd gildandi laga, reglugerða, innri reglna og ferla um fjármunabrot. Regluvörður veitir stjórn skýrslu um framkvæmd stefnunnar eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Landsbréf skulu sjá til þess að starfsfólk félagsins hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum félagsins gegn fjármunabrotum og öðlist þannig viðeigandi þekkingu á þeim innri reglum og verkferlum sem gilda um þetta efni.

Brjótí starfsmaður gegn stefnu þessari eða öðrum reglum og verkferlum félagsins er lúta að aðgerðum gegn fjármunabrotum getur framkvæmdastjóri að fenginni umsögn regluvarðar veitt honum áminningu eða gripið til annarra viðurlaga í samræmi við eðli brotsins. Greint er frá broti starfsmannsins og eðli brotsins í skýrslu regluvarðar til stjórnar Landsbréfa.

Gildistaka

7. gr.

Stefna þessi var sett af stjórn Landsbréfa þann 19. febrúar 2024 og öðlast þegar gildi og kemur hún í stað eldri reglna frá 5. október 2020. Stefna þessi skal yfirfarin og endurskoðuð reglulega eftir því sem þörf er á og þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.